

Nd. 261. Frumvarp til laga

um nýttizku ullarverksmiðju ríkisins í Hafnarfirði.

Flm.: Hermann Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin lætur byggja nýttizku ullarverksmiðju í Hafnarfirði, sem unnið geti úr 350—400 smálestum af þveginni ull á ári.

2. gr.

Ullarverksmiðja ríkisins skal rekin sem sjálfseignarstofnun.

3. gr.

Stjórn ullarverksmiðju ríkisins skipa 5 menn, kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi til þriggja ára í senn, og tilnefnir landbúnaðarráðherra einn þeirra sem formann stjórnarinnar.

Kosnir skulu með sama hætti 5 varamenn í stjórnina til jafn langs tíma. Eigi skal þó kveðja varamann til starfa, nema aðalmaður óski þess eða hafi fallið frá.

Stjórnin hefur heimili og varnarþing í Hafnarfirði eða Reykjavík.
Landbúnaðarráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar og endurskoðenda.

Til að skuldbinda ullarverksmiðju ríkisins þarf undirskrift þriggja stjórnar meðlima.

Stjórn ullarverksmiðjunnar ræður í samráði við landbúnaðarráðherra framkvæmdastjóra, er annast daglegar framkvæmdir fyrir stjórnina.

Stjórn verksmiðjunnar annast sölu á framleiðsluvörum verksmiðjunnar í samráði við landbúnaðarráðherra.

Stjórn verksmiðjunnar ákveður með erindisbréfi starfssvið framkvæmdastjóra og laun hans.

4. gr.

Endurskoðendur fyrir ullarverksmiðju ríkisins séu þrír, kosnir á fundi í saminuðu Alþingi til eins árs í senn.

5. gr.

Ullarverksmiðja ríkisins kaupir ull fyrir verð, sem landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

6. gr.

Reikningsár ullarverksmiðjunnar skal vera almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir starfsárið eigi síðar en svo, að endurskoðendur geti lokið störfum fyrir 30. apríl ár hvert. Þegar endurskoðun er lokið, skal senda ríkisstjórninni afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum ullarverksmiðjunnar, undirritað af stjórn hennar og áritað af endurskoðendum, ásamt skýrslu um störf og rekstur verksmiðjunnar á árinu.

Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

7. gr.

Ullarverksmiðjan skal greiða $\frac{1}{2}\%$ af brúttóandvirði seldrar framleiðsluvöru ár hvert til bæjarsjóðs, þar sem hún er starfrækt. Þó má gjald þetta ekki nema hærri upphæð en sem svarar samanlögðum útsvörum annarra gjaldenda í bæjarfélaginu það ár.

Ullarverksmiðjan greiðir ekki útsvar né tekju- og eignarskatt.

8. gr.

Landbúnaðarráðuneytið setur nánari ákvæði um rekstur og tilhögun ullarverksmiðjunnar í sérstakri reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til framkvæmda samkvæmt lögum þessum, allt að 5—6 milljónum króna.

Greinargerð.

Láta mun nærri, að ullarframleiðslan í landinu sé nú um 800—1000 tonn af vorull á ári, en getur þó aukizt að allmiklum mun, ef haustull væri tekin með. Sem stendur munu þær ullarverksmiðjur, sem nú eru til í landinu, vinna úr ca. 300 tonnnum af ull. Þar af mun Gefjun á Akureyri ein vinna um helming, eða úr 150 tonnnum. Nú mun það í ráði, eða hefur að minnsta kosti komið til orða, að ullarverksmiðjan Gefjun yrði stækkuð til muna, þannig að hún ynni úr helming

núverandi ullarframleiðslu, eða ca. 400—450 tonnum á ári, en þótt þessi áætlun yrði framkvæmd, og það vonandi fyrr en seinna, fullnægir það hvergi nærri ullarframleiðslunni.

Er það sannast frá að segja ömurlegt tímanna tákni, að á sama tíma sem miklar birgðir liggja í landinu af lítt seljanlegri ull skuli landsmenn vera í svo miklum vandræðum með fatnað, að skammta verði, og það í þrengra lagi, þessa vöru til einstaklinga.

Svo og er það hörmulegt, hversu skortur á unninni ull (bandi og lopa) háir heimilisiðnaði, en eins og nú er, virðist óþrjótandi markaður fyrir þá vöru. Sé gert ráð fyrir, að ullarverksmiðjan Gefjun vinni úr ullinni frá Norðlendinga- og Austfirðingafjórðungi og þótt tvær litlar ullarverksmiðjur séu nú á Suðurlandi, er augljóst, að brýn þörf er á nýrri, stórrri ullarverksmiðju hér sunnanlands, sem unnið geti úr ull Sunnlendinga- og Vestfirðingafjórðungs.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að slík verksmiðja verði reist á hagkvæmum stað.

Er það skoðun mín, að eðlilegast og hagkvæmast sé, að ríkið reisi og reki þessa verksmiðju.

Ég hef beðið hr. Þorvald Árnason, ullarmatsformann og yfirullarmatsmann Suðurlandsumdæmis um álit hans á byggingu nýrrar ullarverksmiðju, og fer hér á eftir álitserð hans, en hann er elzti og fyrsti sérfræðingur okkar Íslendinga á þessu sviði.

Fylgiskjal I.

Hafnarfirði, 15. des. 1947.

Herra alþingismaður.

Um leið og ég sendi yður hér með bráðabirgða rekstrar- og kostnaðaráætlun fyrir væntanlega ullarverksmiðju, sem þér báðuð mig um, vil ég óska yður til hamingju með þetta mál og vona, að yður takist að vinna að framgangi þess.

Í meir en 20 ár hef ég barizt fyrir þessu máli. Það getur vel verið, að ég sé ekki mikill bardagamaður, og kannske mér hafi fundizt þetta mál svo augljóst, að ekki ætti að þurfa til orustu að koma því til framgangs, en hingað til hef ég ávallt mætt meira skilningsleysi heldur en skilningi, svo hið fyrrnefnda hefur ávallt borið hærra hlut.

Það er svo sem ekki í fyrsta skipti núna, sem ég sendi frá mér tillögur og áætlanir, þó að málið sé ekki lengra á veg komið.

Árið 1925, skömmu eftir að ég kom heim frá Englandi að námi loknu, þá fullur af áhuga og starfslöngun, samdi ég ýtarlega áætlun fyrir þáverandi ríkisstjórn, og vitna ég til hennar nú.

Ég endaði hana með orðunum: „Þeim heiður sem heiður ber,“ en það passaði nú ekki alveg í kramið. Sjálfstæðisflokkurinn sat þá að völdum, og samdi ég tillögurnar fyrir tilmæli Magnúsar heitins Guðmundssonar, þáverandi atvinnumálaráðherra, sem bar málið fram á Alþingi, en auðvitað mátti Sjálfstæðisflokkurinn ekki hafa heiður af slíku nytjamáli, því að sjálfsagt var að gera það pólitískt, og stjórnarandstaðan, sem þá var aðallega Framsóknarflokkurinn, drap það með köldu blóði, og mátti segja, að þar hjó sá, sem hlífa skyldi.

Og víti menn, ég var stimplaður sem rammur ihaldsmaður, óalandi og óferjandi, af einum aðalforustumanni Framsóknarflokksins, hr. Jónasi Jónssyni, sem þá stóð á tindi sinnar frægðar.

Árið áður hafði ég skrifað mjög athyglisverða grein, sem ég sendi heim frá Englandi, og ælaðist til, að birtist bæði í Tímanum og Verði, svo að sem flestir landsmenn, einkum bændur, ættu kost á að lesa hana. Bláðið Vörður varð viðbragðsfljótara, og þá gat Tíminn auðvitað ekki verið þekktur fyrir að birta hana!

Að visu langaði Tímann í greinina, því að Tryggvi heitinn Þórhallsson fór þess á leit, að ég bara breytti orðalaginu, svo væri allt í lagi, en ég hefði nú ekki geð í mér til slíkra skripaláta, og varð því ekkert úr því.

Leið svo langur tími.

Næst samdi ég tillögur fyrir nýbyggingarráð um áramótin 1945—1946, og fóru þær, eftir því sem ég veit bezt til Sambands íslenzkra samvinnufélaga, að minnsta kosti til umsagnar, svo að segja má, að þær hafi, að einhverju leyti verið samdar fyrir Framsóknarflokkinn, þó að árangur sé ekki enn þá kominn í ljós. Og nú hef ég samið þær eftir beiðni yðar, og verð svo sennilega stimplaður kommúnisti í nánustu framtíð: Það væri nú í sjálfu sér meinlaust, ef það mætti verða málinu til framdráttar, því að það er aðalatriðið.

Árið 1924 lagði ég til, að heimavottur ullarinnar yrði afnuminn. Fengnar yrðu fullkomnar ullarþvottavélar, því að með því eina móti væri hægt að framkvæma gæðamat og koma samræmi á í mati og verkun ullarinnar. En það var nú ekki alveg við það komandi. — Einn af forustumönnum bænda taldi það alveg útilokað, að bændur mættu missa þá vinnu og það fé, sem slík breyting hefði í för með sér. Ég taldi nú, að aukin ræktun heima fyrir gæti fljótt fyllt það skarð, en slík röksemd var nú ekki takin til greina

En svo fóru bændur sjálfir að sjá þetta, og er þó sagt, að bændasálin sé frekar þung í vöfum og ekki alltaf snúningaliðug né nýjungagjörn, en á umliðnum 20 árum hafa augu bændanna algerlega upplökizt fyrir þessari skoðun minni, og er það meira en hægt er að segja um forystumennina, að minnsta kosti ef dæma skal eftir framtakinu. Og nú hafa bændur almennt alveg neitað að þvo ullina eða annast verkun hennar, en samt eru ennþá engar fullkomnar ullarþvottavélar til í landinu, og meðal annars þess vegna varð nýlega að flytja út nokkuð af óhreinni ull, svo að hægt væri að gutla úr afganginum, áður en nýr árgangur bættist við.

Já, miklir menn erum við, Hrólfur minn.

Þegar ég var sendur til Englands haustið 1945, taldi ég vist, að skriður færi að koma á þetta mál, og eitt er vist, að almenningur, bæði til sjávar og sveita, væri því ekki mótfallinn, að slík verksmiðja yrði byggð, svo margir hafa spurt mig, — hvenær verður ullarverksmiðjan byggð, og hvenær koma vélar? Því miður hef ég ekki verið fær um að svara þessum spurningum hingað til. En ég vona, að nægur fjöldi heimti það, áður en líður á löngu, en þá verður líklega allt undan að láta.

Ég hef aldrei verið mótfallinn einkarekstri á þessu sviði, sbr. þeim heiður, sem heiður ber, en á hinn bóginn sé ég ekkert, sem mælir á móti því, að ríkið eigi sína ullarverksmiðju, engu síður en síldarverksmiðju. Aðalatriðið er, að verksmiðjurnar séu ekki fleiri en hráefnið og aðrar aðstæður gefa tilefni til, en á hinn bóginn er sjálfsagt að hafa þær eins margar og vel úr garði gerðar og ástæður leyfa.

Ég gat þess eitt sinn í útvarpserindi, en þau hef ég haldið allmörg, að ég teldi það meiri ávinning fyrir þjóðina í heild að fá góða og fullkomna ullarverksmiðju heldur en 5 mótorbáta, og ég er ennþá þeirrar skoðunar. Ekki svo að skilja, að ég viðurkenni ekki sjávarútveginn sem aðalmáttarstoð okkar athafnalífs og því sjálf-sagt að reyna að eignast mikinn og góðan skipastól. En atvinnuhættir okkar mega samt ekki verða of einhæfir, og það eru takmörk fyrir því, hve stóran skipastól við getum mannað og hvað hafið getur í té látið, einkum á meðan eintóm rányrkja er rekin af okkar hálfu, bæði á þeim vettvangi eins og öðrum. Eða hvar eru klakstöðvarnar? — Og það mega allir vita, að enginn brunnur er svo djúpur, að ekki sé hægt að þurasa hann, ef ekki er svo um hnútana búið, að öruggt sé um nægilegt aðrennsli í hann.

Þetta var nú svolitill útúrdúr, og þar sem ekki var meiningin að tala um allt milli himins og jarðar, er vist bezt, að ég fari að slá hér botninn í.

Ég endurtek ósk mína um, að þetta mál nái fram að ganga og fái góðar undir-

tektir, og ég er ávallt albuinn að veita alla þá hjálp og aðstoð, sem ég get í té látið, hverjum þeim, sem vill fyrir þetta mál vinna.

Því að þetta er áreiðanlega eitt af þeim góðu málum, sem of lengi hafa verið á döfinni, og áreiðanlega höfum við ekki efni á því, án mikils tjóns, að deila um það lengur eða draga það frekar á langinn.

Það væri óskandi, að um þetta máli gæti náðst eining og samkomulag allra flokka, því að deilur og sundrung er dauði hvers máls.

Þar sem hver höndin er upp á móti annarri, er kyrrstaðan vís, og þjóð, sem er sjálfri sér sundurþykk, á enga framtíð.

Beztu kveðjur og árnaðaróskir.

Yðar einlægur.

Þorv. Árnason.

Til hr. alþingismanns Hermanns Guðmundssonar.

Fylgiskjal II.

Bráðabirgða rekstrar- og kostnaðaráætlun fyrir væntanlega ullarverksmiðju.

Ullin.

Íslenzka ullin er gróf „crossbred“ ull og á útlendum markaði aðallega notuð sem teppa-ull, bæði í gólfteppi, væðarvoðir og áklæði, en minna til fatnaðar, einkum sökum þess, hve miklum erfiðleikum er bundið að aðskilja þelið frá toginu, og vegna hins mikla togs, sem hingað til hefur fylgt íslenzku ullinni, en það er aftur afleiðing hins mikla útígangs, sem íslenzka sauðkindin hefur orðið að þola hingað til.

Ef á hinn bóginn sauðfjarræktun kæmist hér á, sauðkindin væri hýst og alin yfir vetrarmánuðina og gefið gott fóður, bæði gott hey og fóðurbætir, er ég ekki í neinum vafa um, að allar afurðir mundu stórukast og batna, bæði ullin, ketið og mjólkinn, og þá mætti klippa (rýja) bæði haust og vor og þannig útiloka allt tog, en skilningur fyrir jafnmiklu menningar- og hagsmunamáli á vafalaust langt í land og því tóm mál að tala um þetta hér, en að þessu ber að stefna, ef sauðfjarrækt á annað borð á að eiga hér tilverurétt og framtíðarmöguleika.

Íslenzka ullin er einnig vel nothæf í „tweed“ — tau og þrjónles, sérstaklega haustullin.

Ullarmagnið hefur á undanfórnum árum numið sem næst 750—900 smál. af vorull, og samsvarar það ca. 1½ kg eða 3 pundum af hverri kind. Sýnir það eitt meðal annars, hversu sauðfjarræktin hjá oss er ófullkomin, því að af vel hirtu og vel öldu fé ætti meðalreyfi að vera frá 5—7 pund eða 2½—3½ kg að meðaltali. Er ég ekki í neinum vafa um, að ná megi lægri tölunni fljótlega og án mikillar fyrirhafnar, en við það ykist vorullarmagnið alls um ca. 500 smál. á ári. Þess má einnig geta, að á stríðsárunum hefur rúning verið mjög slælega framkvæmd, svo að ekki sé meira sagt.

Hér við bætist svo haustullarmagnið, sem nemur ca. 400—500 smál. af þeim gærum, sem afullaðar eru vegna núverandi skinna- og leðurframleiðslu til iðnaðar, og gærum, sem enn þá eru fluttar út úr landinu. Mér finnst á hinn bóginn ástæðulaust að senda út gæurnar óunnar fyrir lítið verð og kaupa svo aftur dýran skófatnað og annan leðurvarning. Það er ekki búmannlegt frekar en svo margt annað hér hjá okkur. Það ætti að vinna úr öllum skinnum og gærum og allri haustullinni hér heima nytjavörur, og það er eitt af framtíðarverkefnum hins íslenzka framtaks.

Af því, sem hér að framan er sagt, sést glögglega, að auðvelt er að hafa til umráða og vinnslu af íslenzkri ull ca. 1800—2000 smál. ársframleiðslu, en gerandi ráð fyrir núverandi ástandi áframhaldandi, nemur núverandi ullarmagn ca. 1200—1400 smál. árlega, bæði vorull og haustull, og af þeim verksmiðjum, sem nú starfa í landinu, mun vera unnið úr ca. 300 smál. auk heimilisiðnaðar, og vinnur Gefjun úr ca. helmingnum, eða ca. 150 smál. á ári.

Það verður því að stækka Gefjuni, ekki um helming, heldur 4-falt, til þess að hún megni að vinna úr helmingi ullarinnar, svo að þótt slíku átaki væri hrundið í framkvæmd, sem er enn ekki ráðið, þá vantar samt verksmiðju til þess að vinna úr nálega helmingi ullarinnar, eða allt upp að 600 smálestum árlega.

Væri eðlilegast, að unnið væri úr þessum 600 smálestum í verksmiðjum hér á Suðurlandi, þannig að á Akureyri eða þar í grennd væri unnin ullin úr Austfirðinga- og Norðlendingafjórðungi, en í Reykjavík eða þar í grennd væri unnin ullin úr Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðungi. — Við það yrði flutningskostnaður minnstur, dreifing afurðanna bezt, samræming í mati og verkun ullarinnar auðveld, sem alls ekki er framkvæmanlegt, fyrr en fullkomnar ullarþvottastöðvar eru komnar á fót, er þær eru ekki til hér á landi sem stendur.

Nú þegar eru nokkrar litlar ullarvinnslustöðvar starfandi hér á Suðurlandi, bæði Álafoss, Framtíðin og e. t. v. fleiri, og munu þær vinna úr nú sem stendur ca. 150 smálestum af ull, aðallega lopa, og þó að standi til, að Álafoss færi eitthvað út kvíarnar á næstunni, mun þessi framleiðsla ekki fara mikið fram úr 200 tonnum, svo að það virðist vera til hér á Suðurlandi verkefni að vinna úr ca. 400 smál. of ull, einmitt nú sem stendur.

Framleiðslan.

En hvað á að vinna úr þessu ullarmagni? Um það geta verið skiptar skoðanir, en mín tillaga er sú, að framleiða skuli lopa, band, prjónles, teppi (værðarvoðir), gólfteppi, áklæði og „tweed“tau í hversdagsföt og yfirhafnir.

Að minnsta kosti á meðan ullin okkar er að útliti og gæðum eins og hún er nú, á meðan ullarræktunin er ekki lengra á veg komin og á meðan tæki til þess að jafna háralengd hennar eru ekki fullkomnari á markaðnum en nú er, þá eru þetta þær vörutegundir, sem hún er hæfust í og bezt fallin til notkunar fyrir og auðveldast að framleiða með góðum árangri, enda eftirspurn mikil eftir öllum þessum vörutegundum, einkum á okkar innlenda markaði. Þess má geta, að það er rifizt og slegizt um hverja lopahönk og taupjötlu, sem úr vélunum koma, svo er eftirspurnin mikil. Mér skilst, að aukin lopaframleiðsla sé helzt í vændum hjá þeim fyrirtækjum, sem fyrir eru, svo að ég reikna hana aðeins 50 smál., en tel það æskilegt, að hægt sé að auka hana með því að fjölga kembivélunum, og þeirri fjölgun sé ætlað rúm í verksmiðjubýggingunni eða stækkun hennar sé auðveld.

Ég reikna með, að úr 400 smál. af vélþveginni ull fáist 350 smál. af framleiðsluvöru, og er þá gert ráð fyrir 12½% rýrnun, og mun það mjög vel í lagt, þegar um vélþvegna ull er að ræða, enda nærtæk reynsla, þar sem Gefjun fær 125 smál. af framleiðsluvöru úr 140 smál. af ull.

Framleiðslunni skipti ég þannig: 50 smál. lopi, 30 smál. band, 40 smál. prjónles, 80 smál. teppi (værðarvoðir), 90 smál. gólfteppi og áklæði og 60 smál. „tweed“tau. Ég hygg, að innlendi markaðurinn mundi fljótlega taka þetta vörumagn til sín, en ef svo reyndist ekki, væru vöruskipti auðveld.

Kostnaðaráætlun.

a. Verksmiðjubýggingin.

Það er margs að gæta og mörg atriði, sem þarf að taka tillit til. Hef ég minnzt á mörg þeirra í áætlunum mínum frá 1925, sem nú eru í höndum atvinnuáráðuneytisins, og vísa ég til þeirra, en einnig verður nánar út í þau farið, er nær dregur framkvæmdum.

Ég geri ráð fyrir einlyftu húsi, stærð 300 fet á lengd og 135 fet á breidd og 20—22 fet á hæð frá gólfi í mæni (þ. e. veggir 12—13 fet og ris 8—9 fet). — Með því yrði gólfhlötur verksmiðjunnar ca. 40500 ferfet, og ætti það að vera hæfilegt, en má alls ekki vera minna, því að mjög er það óhagkvæmt og slæmt að setja vélarnar niður of þétt, veldur það þrengslum og erfiðum vinnuskilyrðum, þar af leiðandi minni afköstum og hættara við alls konar slysum og margvislegum mistökum.

Álitamál getur það verið, úr hvaða efni skuli byggja, og er þá aðallega um tvær

leiðir að velja, annaðhvort gólf og veggir úr járnbentri steinsteypu, veggir tvöfaldir með tróði á milli, eða á annan hagkvæman hátt einangraðir, en þakið úr timbri, járn, stáli og gleri, eða gólf úr járnbentri steinsteypu, en veggirnir úr stálgrind, klæddri járn og þiljaðri vikurplötum, timbri eða öðru hagkvæmu einangrunarefni, en þakið úr timbri, járn, stáli og gleri.

Þar sem veggir eru allir sléttir og því sem næst gluggalausir, því að öll birta, eða því sem næst, kemur að ofan í gegnum þakið, og tiltölulega fá og einföld skilrúm, en salir stórir, verður allur byggingarkostnaður mun minni en þegar um almennar húsabyggingar er að ræða, þ. e. a. s. pr. teningsmetra.

Ég hef leitað umsagnar fagmanns hér að lútandi og fengið þær upplýsingar, að kr. 80.00 pr. teningsmetra væri mjög vel og varlega áætlað, hvað slíka byggingu snertir. En auk þess kæmu svo raflagnir, hitalagnir, hreinlætistöki og fleira nauðsynlegt í sambandi við bygginguna, og hef ég áætlað þann gjaldalið ca. ¼ úr milljón, eða ca. kr. 10.00 pr. teningsmetra, þar sem ég reikna stærð verksmiðjuhússins 100 × 45 × 5.5 metra, eða alls 24750 teningsmetra. Yrði þá allur byggingarkostnaður verksmiðjubyggingarinnar, ef byggt er úr steinsteypu, sem næst kr. 2230000.00. Ef á hinn bóginn byggt yrði samkvæmt síðarnefndu byggingaraðferðinni, yrði kostnaðurinn sem næst þessi: Húsið samkvæmt tilboði frá h/f Héðni í Reykjavík ca. kr. 1000000.00 og annar kostnaður hinn sami og áður, eða ca. kr. 250000.00, eða alls kr. 1250000.00, eða sem næst 1 millj. kr. ódýrara, og sýnir það vafalaust að einhverju leyti, að áætlunin um kr. 80.00 pr. teningsmetra er sennilega óþarflega há.

b. Vélarnar.

Þar er einnig margs að gæta, og vísa ég líka í því efni til áætlunar minnar frá 1925. Ég hef miðað vélafjöldann og innbyrðis fjöldahlutföll þeirra við framleiðsluþörf hinna ýmsu vörutegunda annars vegar og afkastamöguleika og afkastahlutföll vélanna hins vegar, svo að samræmið sé sem bezt og allar vélarnar hafi sem lengst af tímanum nægilegt að starfa, en slíkt er afar þýðingarmikið atriði, eins og liggur í augum uppi, en eftir því sem verksmiðjan er minni og vélarnar færri, er þetta atriði því meiri erfiðleikum bundið, einkum þegar um fjölbreytta framleiðslu er að ræða.

Eftirtöldum vélum er ætlað að vinna úr 400 smál. af þveginni ull, og er gert ráð fyrir, að ullin sé tekin óþvegin í verksmiðjunni, metin, þvegin og unnin þar að öllu leyti. Verð vélanna er það, sem mér var gefið upp af ýmsum vélafirmum í Englandi, sem ég heimsótti haustið 1945 og aftur s. l. sumar, og var gert frekar ráð fyrir lækkun en hækkun, áður en pantanir yrðu afgreiddar. Ég miða hér við enskar vélar, ekki vegna þess, að slíkar vélar séu ekki framleiddar víðar (t. d. í Ameríku), heldur vegna þess, að enskar ullarvinnsluvélar eru langöruggastar og endingarbestar, enda langmest reynsla þar í landi á þessu sviði.

Gengið er reiknað kr. 26.00 pr. £, en alls staðar hækkað upp, svo að upphæðin standi á 100 kr.

Tala vélanna verður þá 102, fyrir utan ýmsar smávélar, svo sem mótorar, drifvélar ýmsar o. fl. þess háttar, og skiptast þannig:

	£	Kr.
1 ullarþvottavél (4 skálar) með tilheyrandi	6660—0—0	156000.00
2 ullartætarar með tilh.	1600—0—0	41600.00
1 ullarþurrkari með tilh.	2100—0—0	54600.00
1 ullarblöndunarvél með tilh.	600—0—0	15600.00
2 litunarvélar með tilh.	5000—0—0	130000.00
12 kembivélar með kambi og öðru tilheyrandi	60000—0—0	1560000.00
1 kembiskerpari með tilh.	400—0—0	10400.00
10 spunavélar (alls 3500 spólur)	12000—0—0	312000.00
2 tvinningarvélar (alls 300 spólur)	1200—0—0	31200.00
1 spólingarvél (100 spólur) með tilh.	300—0—0	7800.00
3 rakgrindur með tilh.	800—0—0	20800.00
30 vefstólar með tilh.	7000—0—0	182000.00

	£	Kr.
2 taupvottavélar með tilh.	800—0—0	20800.00
2 þæfarar með tilh.	800—0—0	20800.00
1 tauvinda með tilh.	500—0—0	13000.00
1 taupurrkunarvél með tilh.	3000—0—0	78000.00
2 ýfingarvélar með tilh.	1000—0—0	26000.00
2 afdömpunarvélar með tilh.	1200—0—0	31200.00
1 lóskurðarvél með tilh.	600—0—0	15600.00
1 mælinga- og strangavél með tilh.	500—0—0	13000.00
2 pressur, mismunandi gerðir, með tilh.	1000—0—0	26000.00
2 saumavélar, mismunandi gerðir, með tilh.	100—0—0	2600.00
20 prjónavélar, mismunandi gerðir, með tilh.	4000—0—0	104000.00
Mótorar, varahlutir, spólur, reimar o. m. fl., áætlað	3000—0—0	78000.00
		<u>Kr. 2951000.00</u>

Ullarþvotta- og þurrkunarvélin afkasta að þvo og þurrka miklu meira en þá ull, sem unnið er úr í verksmiðjunni, og er svo til ætlað, að öll ull, sem unnið er úr í öðrum verksmiðjum eða send yrði út úr landinu, yrði þvegin hér.

Hvað spunavélnar snertir, þá er hér gert ráð fyrir „Mule“-spuna eingöngu, en hringspuni getur einnig komið til greina og er meira að segja æskilegur fyrir t. d. „tweed“tau o. fl. En því má haga eins og hagkvæmast þykir án aukins kostnaðar.

Þar sem verð vélanna er miðað við fob. í enskri höfn og þyngdin mun vera ca. 400 tonn og núverandi farmgjald ca. kr. 300.00 pr. tonn, verður allur flutningskostnaður vélanna ca. kr. 120000.00.

Stofnkostnaður allur verður þá:

a. Ef byggt er úr steinsteypu o. s. frv.:		
Verksmiðjubyggingin	kr. 2230000.00	
Vélnar	— 2951000.00	
Flutningskostnaður	— 120000.00	
	<u>Samtals</u>	kr. 5301000.00
b. Ef byggt er stálgrindahús samkv. tilboði h/f Héðins o. s. frv.:		
Verksmiðjubyggingin	kr. 1250000.00	
Vélnar	— 2951000.00	
Flutningskostnaður	— 120000.00	
	<u>Samtals</u>	kr. 4321000.00

og verður þá mismunurinn sem næst kr. 1000000.00, og liggur allur sá mismunur í byggingarkostnaðinum, eftir því, hvor leiðin farin er í því efni.

60 tonn af „tweed“taui eru ca. 75000 metrar, og er 8 vefstólum ætlað að vefa það á 300 dögum, eða ca. 30—32 metrar pr. vefstól á dag.

80 smál. af teppum (værðarvoðum) eru ca. 75000 metrar, og er 10 vefstólum ætlað að vefa það á 300 dögum, eða ca. 25 metra pr. vefstól á dag.

90 smál. af gólfteppi og áklæði eru ca. 90000 metrar, og er 12 vefstólum ætlað að vefa það á 300 dögum, eða ca. 25 metra pr. vefstól á dag, — og er þetta allt saman mjög varlega áætlað.

Starfsfólk yrði sem næst 80 manns, þar af ca. 50 kvenfólk og unglingar og ca. 30 karlmenn, og er 1 framkvæmdastjóri og 4 deildarstjórar meðtaldir í þessum fjölda.

Rekstraráætlun.

Á þessu stigi málsins verður rekstraráætlun slíkrar verksmiðju ekki fyllilega nákvæm, enda varla við því að búast. Það ætti þó að gefa nokkuð glögga mynd af afkomunni, þegar framleiðslumagnið er þekkt stærð. Jafnvel við verksmiðju af þessari stærð, sem er þó í minnsta lagi, höfum við ekkert sambærilegt hér á landi, því að

bæði eru þær verksmiðjur, sem til eru, miklu minni, og litlar ullarverksmiðjur bera sig venjulega verr en þær, sem stærri eru (dauði kostnaðurinn hlutfallslega meiri), og eins hafa ullarverksmiðjurnar hér á landi ávallt notað við notaðar og úreltar vélar með fáeinum undantekningum, og ónóga faglega kunnáttu starfsfólksins, auk margs annars, sem úrslitaáhrif hefur á afkomuna.

Ég hef með vilja miðað tekjurnar við verðlag hér á landi, en áætlað þær allmiklu lægri en núverandi verðlag gefur tilefni til, en aftur á móti hef ég reiknað útgjöldin eins há og hugsanlegt er, að þau geti orðið. Samt er afkoman góð, en verður án efa enn betri í reyndinni.

Áætlunin litur þá þannig út:

Tekjur:	
Þvottur og mat á 600 smál. af ull á kr. 1.50 pr. kg	kr. 900000.00
50 smál. lopi á kr. 18.00 pr. kg	— 900000.00
30 — band á kr. 25.00 pr. kg	— 750000.00
40 — prjónles á kr. 35.00 pr. kg	— 1400000.00
80 — teppi (værðarvoðir) á kr. 30.00 pr. kg	— 2400000.00
90 — gólfteppi og áklæði á kr. 40.00 pr. kg	— 3600000.00
60 — „tweed“tau á kr. 35.00 pr. kg	— 2100000.00
350 smál.	Samtals kr. 12050000.00
Gjöld:	
600 tonn af ull (ópveginni) á kr. 10.00 pr. kg	kr. 6000000.00
Vinnulaun, 12×50 × kr. 1100.00 + 12×25 × kr. 1700.00 + 12×5 × kr. 3000.00	alls — 1350000.00
Afl, olíur, þvottaefni, litur, sýrur og önnur kemisk efni og óviss útgjöld 15% af kr. 5350000.00	— 800000.00
Vextir, afborganir, fyrning, viðhald, váttrygging o. s. frv. 30% af ca. kr. 4321000.00	ca. — 1300000.00
	Samtals kr. 9450000.00

Athugum fyrst tekjuhliðina. Verksmiðjunni er reiknað til tekna þvottur ullarinnar, sem ætlazt er til, að unnið sé úr, en nú getur þvottavélin afkastað meiru, ef vill, og þá er ætlazt til, að hún þvoi þá ull einnig, sem aðrar verksmiðjur vinna úr, og þá ull, sem ætluð er til útflutnings, eða með öðrum orðum alla þá ull, sem ekki er þvegin fyrir norðan (þ. e. á Akureyri).

Nú kostar að þvo ullina í þeim tveimur ófullkomnu þvottavélum, sem starfræktar eru hér sunnanlands, ca. kr. 2.00 pr. kg, fyrir utan mat og þökkun, sem nemur allhárri upphæð.

Lopaframleiðsluna má auka, annaðhvort með því að fjölga kembivélunum eða láta þær ganga í vöktum eða hvorttveggja. Verðið er miðað við ódýrasta ólitaðan toglopa, en annars er verð á lopa hér á landi frá kr. 18.00—50.00 pr. kg eftir því, hvort um tog- eða þellopa litaðan eða ólitaðan er að ræða.

Bandið er hér reiknað á kr. 25.00 pr. kg. Eingirniband úr íslenzkri ull upp og ofan mun nú kosta ca. kr. 30.00 pr. kg, en annars er verð á bandi frá kr. 30.00—80.00 pr. kg, þ. e. a. s., ef þá nokkurt band fæst, og fer það eftir því, hvort það er litað eða ólitað, eingirni, tviband eða þríband, gróft eða fint, úr góðri ull (þeli) eða lakari ull (togi) o. s. frv.

Prjónlesið er reiknað á kr. 35.00 pr. kg. — Gert er ráð fyrir, að prjónlesið sé sokkar af ýmsum stærðum og gerðum, nærföt, skyrtur og buxur á konur og karla og ýmislegt fleira, svo sem pils, peysur, sjól o. m. fl. Verðið pr. kg er mjög mismunandi. Fer það aðallega eftir því, hvaða prjónlestegund um er að ræða og hvers konar band er notað. Algeng karlmannsnærföt eru nú seld hér á kr. 60.00 settið, og eru þau ca. 0,6—0,7 kg á þyngd. Það gerir 85—100 kr. pr. kg, en þar í er saumaskapur innfalinn og annað verð eftir því.

Teppin (væðarvoðirnar) eru reiknaðar á kr. 30.00 pr. kg. — Hér er gert ráð fyrir, að teppin séu 2,5 kg á þyngd hvert teppi, og verður þá teppið á kr. 75.00. Nú eru teppin, sem eru 2—2,2 kg á þyngd, seld á kr. 120.00—150.00 pr. teppi, sem er sama sem helmingi hærra verð en hér er gert ráð fyrir.

Gólfteppi og áklæði eru reiknuð á kr. 40.00 pr. kg. — Mun það svara til $\frac{1}{2}$ — $\frac{2}{3}$ af núverandi markaðsverði, hvað áklæði almennt snertir. Falleg gólfteppi og skraut-áklæði kosta auðvitað miklu meira, og er erfitt að ákveða það með vissu, fer það mjög eftir gæðum og munstri. Gólfteppi eru bæði dýr og eftirsótt vara um þessar mundir og áklæði sömuleiðis, og sivaðandi eftirspurn.

„Tweed“-tauin eru reiknuð á kr. 35.00 pr. kg, sem mun svara til kr. 21.00—25.00 pr. metra, þar sem hver metri er ca. 600—700 grömm. — Nú er varla nokkurt „tweed“-tau fáanlegt undir kr. 40.00—80.00 pr. metra hér á landi, og það jafnvel þó að það sé unnið úr lélegri ull. Aftur á móti eru þetta mjög í samræmi við skozk „tweed“-tau á skozkum markaði.

Framanskráð sýnir, að tekjurnar eru á öllum sviðum mjög lágt áætlaðar, miðað við núgildandi vöruverð, jafnvel lægra en hugsanlegt heildsöluverð, og er það með vilja gert.

Þá er að athuga gjaldahlíðna. — Ullin er reiknuð á kr. 10.00 pr. kg, óþvegin, þar af fer kr. 1.50 í þvottagjald og kr. 1.00 í flutningsgjald. Fá þá bændur ca. kr. 7.50 pr. kg, sem er 50—100% hærra en núverandi verðlag, eða sem næst það, sem 1. flokks ullin er nú seld til útflutnings, gerandi ráð fyrir 33% rýrnun við þvott, sem er það minnsta, og er þó 1. flokks ullin aldrei meiri en $\frac{1}{3}$ — $\frac{1}{2}$ af öllu ullarmagninu. — Ef bændur ættu von á svona háu verði, mundi það vafalaust hvetja þá til þess að auka ullarmagnið og nýta hana betur en nú er gert, og ríkissjóður losnaði við allan ótta um meðgjöf eða sölutregðu.

Vinnulaunin eru miðuð við núverandi kaup verksmiðjufólks, sem allt er á hæsta kaupi eftir 24 mánaða þjónustualdur.

Í ullariðnaði er það ákaflega algengt og hefur reynzt mjög nálægt sanni að reikna annan kostnað við sjálfa framleiðsluna ca. 10% af hráefni plús vinnulaunum, og sé um ódýrt afl og ódýran hita að ræða, og er það miklu meira en nóg. Hér er þó reiknað með 12—15%, og er því hér ekki síður en hvað aðra liði snertir vel í lagt, enda vilja óviss gjöld oft fara nokkuð fram úr áætlun.

Vextir, afborgun, fyrning, viðhald og váttryggingar eru reiknaðar 30% af stofn-kostnaði, er skiptist þannig:

Vextir og afborganir 10% (ca. kr. 430000.00) fyrning (4% af húsi og 10% af vélum) eða ca. 7,5% (ca. kr. 325000.00), viðhald ca. 6,5% (ca. kr. 285000.00), og váttryggingar húsa, véla, og starfsfólks ca. 6% (ca. kr. 260000.00) p. a., og mun þetta allt vel í lagt og óalgengt, að þessir liðir séu svo hátt reiknaðir. En þrátt fyrir það að framleiðslan sé áætluð langt fyrir neðan innlent markaðsverð og gjöldin áætluð í fyllsta máta, er samt 25—30% nettó-rekstarágóði. Að vísu eru engir opinberir skattar reiknaðir, svo sem útsvar, tekjuskattur o. fl., og er þeim með vilja sleppt að svo stöddu. Ágóðinn er að vísu ekkert óeðlilega hár og verður vonandi enn þá hærri í reyndinni, en þó er honum sannarlega gaumur gefandi.

Eftirmáli. — Áður en ég lýk máli mínu, vil ég minnast stuttlega á nokkur atriði, sem snerta ullariðnaðinn mikið, bæði vöxt hans og viðgang.

Í fyrsta lagi er það ullin sjálf, sem er grundvöllur iðnaðarins. Hana þarf að auka og bæta að miklum mun, og verður það einungis gert með aukinni ræktun og alhliða endurbótum í sauðfjárbúskapnum, og hvílir sú hlið málsins á bændastéttinni og ráðunautum í þessum málum. En nú vill einmitt svo vel til, að samfara slíkri ullarræktun og þar með ullaraukningu mundum við einnig fá aukna kjötframleiðslu að stórum mun, fleiri og stærri lömb, hraustara fé og betri og seljanlegri vöru í alla staði. Að þessu ber að stefna, og að þessu ber að vinna, en þá þarf skilningur að vera fyrir hendi, því að hann er fyrsta skilyrðið.

Í öðru lagi vil ég minnst á skort faglegrar þekkingar og erfiðar aðstæður, sem þessi iðnaður hefur ávallt átt við að búa fram að þessu, og því ekki von um eins mikinn arð og eðlilegt væri. Þær verksmiðjur, sem hingað til hafa starfað að þessum iðnaði (bæði Gefjun, Álafoss og Framtíðin), hafa verið byggðar bæði af vanefnum og í vanþekkingu, þar af leiðandi notaðar gamlar og úreltar vélar (með fáum undantekningum), sem þurft hafa mikinn viðhaldskostnað, en skilað litlum afköstum, og innrétting verksmiðjubýgginganna og öll tilhögun fyrir neðan allar hellur, þar af leiðandi vinnuskilyrði erfið og tímafrek. Samt hafa þær skilað allmiklum ágóða, og sýnir það eitt ljóslega, hvað slíkur iðnaður getur verið arðvænlegur, ef rétt er áhaldið og skilyrði góð. Ég get ímyndað mér, að þetta sæst í nokkurn veginn réttu ljósi, ef maður hugsaði sér tvo menn vera að moka skurð og annar hefði haka og skóflu, en hinn aðeins skaftlaust skóflublað.

Í þriðja lagi vil ég minnst á iðnlöggjöfina. Í ullariðnaði er þrennt sérstaklega nauðsynlegt (fyrir utan allt annað, eins og þar stendur), en það er þekking, leikni og listfengi. Allar vélar, sem notaðar eru, er vandfarið með og þurfa að vera nákvæmar, og hin smávægilegustu atriði, geta haft hina mestu þýðingu. Lærdómur (teorie) og leikni (praxis) er því afar áriðandi, en þó ekki einhlít með öllu, því auk þess þarf hagleik og listfengi, til þess að afurðirnar verði smekklegar og áferðarfalllegar og þar með útgengilegar. Þetta ásamt nýjum og fullkomnum vélum, góðu hráefni, haganlegu fyrirkomulagi og þar með góðum vinnuskilyrðum, er undirstaða fullkomins ullariðnaðar, og ekkert minna.

Það er því nauðsynlegt, að í sambandi við slíkan iðnað skapist sérstök stétt, faglært starfsfólk, bæði undir- og yfirmenn, en í þeim efnum hefur hér á landi verið sérstaklega ábótavant. Ólært og óvant fólk hefur verið tekið svo að segja af götunni og látið vinna hin vandasömustu störf og notið sömu réttinda og kjara og æft verkafólk, en á meðan svo er, er ekki við góðu að búast.

Af skósmið, trésmið eða múrara er krafizt 4 ára námstíma, en af vefara er enginn sérstakur námstími heimtaður, og er þó miklu vandasamara að fara með vefstól heldur en plukkvéll, bandsög eða múrsleif.

Sjá allir, að þarna þarf iðnlöggjöfin að taka í taumana og gera réttmætar og nauðsynlegar lagfæringar og breytingar.

Í fjórða lagi, síðast en ekki sízt, vil ég minnst á þá miklu þýðingu, sem slík ullarverksmiðja hefði fyrir heimilisiðnaðinn, vöxt hans og viðgang. — Það er lífskilyrði fyrir allan heimilisiðnað að hafa greiðan aðgang að lopa og bandi í fjölbreyttu úrvali, bæði að gæðum, fínleika og lit. Hann krefst meiri fjölbreytni heldur en nokkurt einstakt heimili er fært um að láta í té. Þess vegna er svo nauðsynlegt og afar áriðandi, að bak við hann standi stofnun, þar sem fjölbreytt vara er framleidd í stórum stíl og þar sem hægt er að fá keypt bæði lopa og band í öllum litum, bæði gróft og fínt, bæði einfalt, tvinnað eða þrinnað o. s. frv. Án slíkrar stofnunar getur heimilisiðnaðurinn ekki verið, ef hann á að geta eflzt og aukizt, og sama gildir um smáþrjónastofur, sem eru starfræktar hér og þar á landinu.

Á margt fleira mætti minnst, en það mundi lengja þetta mál um of, og verður því sleppt hér. Ég skoða þetta sem bráðabirgðaáætlun, í stórum dráttum, en þó algerlega byggjandi á. En þegar búið er að ákveða, að byggja skuli slíka verksmiðju, þarf auðvitað fyrst að ákveða staðinn, gera allar nauðsynlegar teikningar að húsinu, nákvæmar lýsingar á öllum vélum, niðurröðun þeirra og fyrirkomulagi og ótal mörg atriði, sem endanlegu skipulagi tilheyra, og verður ekki farið út í það frekar hér að þessu sinni.

Strax að ófriðnum loknum fóru vélapantanir að streyma inn til vélafirmanna í Englandi frá öllum áttum, og fjölgar þeim sí og æ. Haustið 1945 var hægt að fá vélar með 1—2 ára afgreiðslufresti, en nú tekur það allt upp í 4 ár að fá t. d. kembivélar, og sést á því, hve eftirspurnin er mikil og hve áriðandi það er að senda pantanir sínar í tæka tíð og með nægum fyrirvara.

Ég tel þetta mjög þýðingarmikið, bæði frá menningarlegu, fjárhagslegu og nytsemdarlegu sjónarmiði. Ég er viss um, að það skilar öllu því, sem í það er látið, með margföldum vöxtum, ekki síður en sauðkindin sjálf, ef rétt er á haldið. Að hrinda því í framkvæmd og veita því stuðning getur aldrei orðið nema til heilla og hagsbóta landi og lýð.

Þeim heiður, sem heiður ber.

Hafnarfirði, 15. des. 1947.

Þorv. Árnason.